

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. febrúar 2025

Mál nr. S-3415/2024:

Ákærvaldið

(Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Jóni Ragnari Birkis Dellner

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

(Jón Bjarni Kristjánsson réttargæslumaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðs-saksóknara 6. júní 2024, á hendur Jóni Ragnari Birkis Dellner, kt. [...], [...], Reykjavík, „fyrir nauðgun og brot gegn kynferðislegri friðhelgi, með því að hafa mánudaginn 18. júlí 2022, í bifreið, sem lagt var á óþekktum stað í Kópavogi, haft samræði við A, kt. [...], án hennar samþykkis, þar sem hún lá sofandi eða meðvitundarlítil í aftursæti bifreiðarinnar og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðnum sökum áhrifa vímuefna, lyfja og svefndrunga, og með því að hafa á sama tíma, án samþykkis og vitneskju A, tekið upp og þannig útbúið myndskaið af samræðinu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 199. gr a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd A, kt. [...], er gerð krafa um greiðslu skaðabóta úr hendi ákærða alls að fjárhæð 3.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. júlí 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til

greiðsludags. Þá er þess aðallega krafist að þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði en að öðrum kosti er gerð krafa um málskostnað óskipt úr hendi ákærða, brotþola að skaðlausu.“

Dómari tók við meðferð málsins þann 2. janúar sl. en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

I

2. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa og einkaréttarkrafa verði stórlega lækkuð. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

II

Málavextir:

3. Þann 24. ágúst 2022 mætti brotþoli á lögreglustöð og gaf kæruskýrslu. Greindi hún m.a. frá því að hafa í [...] 2022 byrjað í nánú sambandi með ákærða. Ákærði hefði útvegað henni fíkniefni og fæði og hún ásamt ákærða haldið til um nokkurt skeið í húsnæði vitnisins B í Hafnarfirði. Á þeim tíma hefði hún sætt endurteknum kynferðisbrotum ákærða, sem hún lýsti nánar, þar til um miðjan ágúst 2022. Um tilefni þess að öðru leyti að hún leitaði til lögreglu greindi brotþoli frá því að hún hefði komist yfir síma ákærða á meðan hann var í sturtu. Hún hefði skoðað myndefni í símanum og þar hefði reynst vera fjöldi myndskeiða sem sýndu ákærða hafa kynmök við sofandi konur. Þar á meðal hefði verið eitt slíkt myndskeið af ákærða og brotþola. Kvaðst hún hafa sent sjálfri sér myndskeiðið eftir að hafa skoðað það í síma ákærða. Á því hefði sést þar sem ákærði hafði kynmök við brotþola þar sem hún var sofandi í aftursæti bifreiðar. Var myndskeiðið tekið upp 18. júlí 2022, kl. 13:30. Kvað hún þau atvik hafa verið gegn hennar vilja og að hún hefði á þeim tíma verið verulega svefnvana og í mikilli og langvinnri fíkniefnaneyslu. Umrætt sinn hefði hún a.m.k. verið búin að reykja krakk og taka oxy. Þá hefði ákærði verið búinn að gefa henni gular Xanax-töflur, *Benzó* og *Rivó*. Einnig upplýsti hún að lögregla hefði síðar sama dag, sem hún taldi að hefði verið um klukkustund eftir tímasetningu myndskeiðsins, haft afskipti af henni og ákærða vegna umferðaróhapps í Kópavogi og hefðu þá verið tekið blóðsýni úr þeim báðum.

4. Ákærði var talinn hafa haft bifreiðina [...] í umráðum sínum þegar atvik gerðust. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu reyndist vera búið að eyða bifreiðinni þegar lögregla reyndi að hafa uppi á henni í kjölfar þess að kæra málsins barst.
5. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu var framangreint myndskeið afritað úr síma brotþola 24. ágúst 2022 og var það með hljóði og mynd. Út frá skoðun lögreglu á efni myndskeiðsins virtist það sýna brotþola sofandi í aftursæti bifreiðar. Þá hafi einnig verið unnt að sjá mann á myndskeiðinu, líklega ákærða, koma síma fyrir og stilla upp fyrir upptöku. Maðurinn hafi síðan komið sér fyrir við hlið brotþola, gyrt niður um sig og fróað sjálfum sér. Hann hafi síðan snúið sér að brotþola, gyrt niður um hana og gert sig líklegan til að stinga getnaðarlimnum í hana aftan frá. Brotþoli hafi virst vera hálfvöknuð, sýnilega svefndrukkin og ítrekað beðið ákærða um að bíða. Eftir þetta hafi myndefni orðið óskýrt og aðeins heyrst hljóð á upptökunni. Að sögn lögreglu hafi hljóðið, eins og það heyrðist á upptökunni, verið með þeim hætti eins og að það sem gerðist á sama tíma væri brotþola á móti skapi. Jafnframt hafi hljóðið gefið til kynna að samfarir eða önnur kynmök ættu sér stað á sama tíma. Af endurríti af því sem heyra má af upptökunni eftir að myndefnið varð óskýrt má heyra að brotþoli kveinkaði sér ítrekað og volaði. Ákærði segir henni ítrekað að vera *kjurr* og spyr hana ítrekað hvort þetta hafi verið agalegt en hún þá ýmist kveinkað sér eða volað. Þá sagði ákærði brotþola ítrekað að fara í buxurnar og segir í því samhengi að hún sé steinsofnuð. Samkvæmt upplýsingaskýrslu tölvurannsóknardeildar um *lýsigögn* var umrætt myndskeið búið til 18. júlí 2022, kl. 13:24:52, og var lengd þess sex mínútur.
6. Ákærði gaf fyrri framburðarskýrslu sína 2. september 2022 með réttarstöðu sakbornings. Í aðalatriðum kannaðist hann við að hafa verið í nánú sambandi með brotþola um tveggja eða þriggja mánaða skeið. Þau hefðu hins vegar einhverju fyrir skýrslutökuna slitið sambandinu og það hefði verið í illindum. Þau hefðu bæði verið í langvinnri vímuefnaneyslu og búin að vaka í einhverja daga. Brotþoli hefði verið að búa til kynferðislegt myndefni og selja það öðrum á nánar tilgreindri vefsíðu. Kannaðist ákærði við að hafa haft kynmök við brotþola í aftursæti bifreiðar sama dag og fyrrgreint umferðaróhapp átti sér stað. Kynmökunni hefðu verið með samþykki brotþola og hún hefði ekki verið rænulaus þegar mökin áttu sér stað. Þá kannaðist hann jafnframt við að hafa tekið upp myndskeið af kynmökunum og það hefði verið með hennar samþykki. Það hefði ekki verið fyrr en samband þeirra slitnaði í einhverjum leiðindum sem hún hefði

örugglega farið að sýna einhverjum myndskreiðið og einhver ráðlagt henni að kæra til að reyna að ná sér niðri á honum. Eftir að hafa verið sýnt myndskreiðið kvaðst ákærði hafa verið rænulaus og ekki einu sinni viss um að hann hafi náð að stinga honum inn. Þá sagði hann brotþola hafa sest í aftursætið umrætt sinn þar sem það hefði verið ætlun þeirra að stunda kynlíf.

7. Ákærði gaf síðari framburðarskýrslu, að eigin ósk, þann 25. apríl 2023, en í aðdraganda skýrslutökunnar komu boð frá verjanda hans um að ákærði vildi gera nánar grein fyrir samskiptum sínum við brotþola og leggja fram samskiptagögn. Í aðalatriðum greinir í skýrslunni að ákærði hafi talið að sakarefnið ætti ekki við rök að styðjast. Brotþoli hefði með kærinni verið að reyna að klekkja á honum. Þeim hefði sinnast út af nánar tilgreindum atvikum varðandi fíkniefni. Í framhaldi hefði brotþoli sýnt öðrum mönnum myndskreiðið og þeir safnað liði gegn honum. Það hefði síðan leitt til ryskinga sem áttu sér stað á veitingastað í Kópavogi og lögregla verið kölluð á staðinn. Greindi ákærði frá því sama og áður greinir um að brotþoli hefði gefið samþykki fyrir kynmökunum í bifreiðinni og myndskreiðið verið tekið upp með hennar samþykki. Jafnframt greindi hann frá því sama og áður segir um meinta sölu brotþola á kynferðislegu myndefni á netinu. Þá hefði hún áður verið búin að segja honum að það væri í lagi að taka upp slíkt myndefni af henni, þ. á m. þegar hún væri undir áhrifum vímuefna. Vísaði ákærði m.a. til eftirásamskipta hans við brotþola með skilaboðum máli sínu til stuðnings og m.a. hefði hann skilið þeirra samskipti svo að hún hefði tekið kæruefnið til baka.
8. Fyrir liggur útprentun úr dagbók lögreglu vegna atvika er áttu sér stað við veitingastaðinn [...] 7. ágúst 2022, um kl. 16:00. Tilkynnt var um hópamyndun og æsing fyrir framan staðinn og að slagsmál væru að brjótast út. Taldi tilkynnandi að um 15 manns væru á staðnum og hann hefði heyrt að einhver ætlaði að berja annan. Samkvæmt dagbókarfærslunni voru m.a. á vettvangi ákærði og vitnið B, auk annarra nafngreindra einstaklinga. Hafi tvö þeirra verið að útkljá eitthvað sín á milli en enginn hafi viljað ræða við þá lögreglumenn sem komu á vettvang.
9. Samkvæmt upplýsingaskýrslu sérfræðings við tölvurannsóknardeild tók lögregla afrit af rafrænum samskiptagögnum í síma og af samfélagsmiðlum ákærða og voru þau gögn síðan færð yfir í miðlæga gagnageymslu lögreglu. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu var farið yfir efni samskiptagagna og kom fram að samskiptin voru á milli ákærða og brotþola á árinu 2022, þar af Messenger-skilaboð frá 6. júlí til 17. ágúst,

Instagram-samskipti frá 7. til 19. ágúst, auk SMS-samskipta frá 3. júlí til 19. ágúst. Í skýrslunni er nánar gerð grein fyrir efni samskipta, m.a. í einstökum liðum og um nánar tilgreind atriði þar sem þau virtust ræða saman um atvik sem gátu hafa haft tengsl við hin meintu kynferðisbrot. Um efni téðra skilaboða og/eða merkingu þeirra vísast nánar til III. og IV. kafla, eftir því sem við á.

10. Samkvæmt frumskýrslu í máli nr. 007-2022-[...] barst tilkynning til lögreglu kl. 13:34 þann 18. júlí 2022 vegna umferðaróhapps á Kópavogshálsi. Þegar lögregla kom á staðinn var bifreið, [...], kyrrstæð og tjónuð eftir árekstur við aðra bifreið. Greindi ökumaður frá því að ökumaður hinnar bifreiðarinnar hefði ekið á brott eftir áreksturinn sem leið lá suður Kópavogsháls og Kópavogsbraut. Í framhaldi af því var leitað að bifreiðinni og fannst hún stuttu síðar kyrrstæð á Kópavogsbraut, um 400 metra frá árekstursstaðnum. Reyndist um að ræða bifreiðina [...], sem var mikið skemmd, og voru ákærði og brotaþoli standandi fyrir utan hana þegar lögregla kom að þeim. Að sögn lögreglu virtust þau bæði undir nokkrum áhrifum vímuefna. Í viðræðum við lögreglu bar þeim ekki saman um hvort þeirra hefði ekið bifreiðinni. Kvaðst brotaþoli hafa verið sofandi í aftursæti og vaknað þegar hún varð vör við dynk. Ákærði sem hefði ekið bifreiðinni hefði sagt henni að færa sig yfir í framsæti. Þá hefði hann lagt að henni að taka á sig að hafa verið ökumaðurinn þar sem ákærði væri réttindalaus. Kvaðst hún í samtali við lögreglu ekki hafa verið búin að neyta vímuefna téðan dag en hún hefði hins vegar neytt slíkra efna helgina á undan. Voru þau bæði handtekin. Að sögn lögreglu var brotaþoli mjög óskýr í frásögn og mjög viðutan og sofnaði ítrekað í lögreglubifreið á leið á lögreglustöð. Þar gekkst brotaþoli undir blóð- og þvagsýnatöku og ákærði undir blóðsýnatöku og í framhaldi af því voru þau vistuð í fangaklefa. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði reyndist 7,2 ng/ml af alprazolam og 620 ng/ml af amfetamíni vera í blóðsýni frá brotaþola, auk amfetamíns í þvagsýni. Þá reyndust 285 ng/ml af amfetamíni, 490 ng/ml af klórdiazepoxíð, 23 ng/ml af kókaíni og 30 ng/ml af metamfetamíni vera í blóðsýni úr ákærða.
11. Í matsgerð vegna rannsóknar á blóðsýni úr brotaþola segir að það amfetamín sem mældist í blóði hennar hafi valdið því að hún telst hafa verið óhæf til að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá segir þar að alprazolam sé róandi og kvíðastillandi lyf af flokki benzodíazepína. Það hefur slævandi áhrif á miðtaugakerfið og dregur úr aksturshæfni í lágum lækningalegum skömmtum. Styrkur

efnisins í blóðinu er eins og eftir töku lyfsins í lágum lækningalegum skömmtum. Kann það að hafa dregið úr aksturshæfni viðkomandi.

12. Við aðalmeðferð málsins var lögð fram upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns sem kom á vettvang umferðarslyssins þar sem m.a. má sjá brotþola. Þá var lagt fram af hálfu brotþola vottorð um óvinnufærni 9. nóvember 2002 til 15. desember 2022.
13. Um rannsókn og önnur sakargögn málsins, sem og önnur atvik, vísast að öðru leyti til þess sem greinir um skýrslutökur fyrir dómi og niðurstöður, eftir því sem við á.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

14. *Ákærði* sagði að þau brotþoli hefðu verið í sambandi líklega á tímabilinu [...] fram í miðjan ágúst 2022 og hefðu þau þá bæði verið í neyslu. Engin samskipti væru milli þeirra í dag. Umrætt sinn hefðu þau verið á einhverju skralli sem hafði staðið yfir í um viku, en þau hefðu eitthvað sofnað á milli. Þau hefðu verið í mikilli neyslu og voru undir áhrifum. Þau voru búin að þvælast um á bifreið í nokkra daga, ræða saman og stunda kynlíf og hefðu þau frá upphafi sambands þeirra rætt saman um kynlíf. Þau hefðu verið orðin þreytt og ætlað í Hafnarfjörð. Bifreiðin hefði orðið rafmagnslaus fyrir utan [...] á Nýbýlavegi í Kópavogi. Hann hefði fengið start og þau svo ákveðið að fara inn og fá sér að borða en síðan rætt saman um að drífa sig til að ná að stunda kynlíf í bifreiðinni áður en þau dyttu út og talað um að brotþoli færi þá í aftursætið. Þau hefðu síðan farið aftur inn í bifreiðina og þau þá bæði verið orðin þreytt. Brotþoli hefði þá sest í aftursætið. Hann hefði sest í ökumannssætið og ekið í götuna fyrir ofan, sem tók kannski hálfa mínútu, og hefði hann þá varla verið hæfur til að aka. Þar hefði hann stöðvað bifreiðina og farið aftur í og hefði brotþoli þá legið í sætinu, eins og hún hafði oft gert áður, og var hún ekki farin að sofa. Þau hefðu stundað kynlíf í aftursætinu og eins og alltaf þegar þau stunduðu kynlíf var annað þeirra með síma og tók það upp. Þá gerist það sem sjá mætti á myndskaiðinu. Þegar horft er á myndskaiðið eitt og sér væri kannski hægt að taka það úr samhengi en þau hefðu rætt saman um að gera þetta og hefðu oft gert þetta og væri til fullt af myndskaiðum. Þegar hann kom í aftursætið hafi hann byrjað að ná sínu fram, að stunda kynlíf. Kvaðst hann muna þetta *svona upp og niður* en hann muni alla vega að það var gert eins og alltaf hefði verið talað um. Hann hefði haft samfarir við brotþola í aftursæti bifreiðarinnar. Þar hafi verið þröngt og aðstæður óþægilegar. Muni hann ekki hvað samfarirnar hafi staðið lengi en taldi að það hefði verið mjög stutt, kvaðst ekki hafa verið

upp á sitt besta og ekki hafa haft sáðlát. Þau hafi bæði haft frumkvæði að þessu samræði. Að hans mati hafi ástand brotþola ekki verið óvenjulegt. Spurður hvort hún hafi verið vakandi eða með meðvitund sagði ákærði *já, bæði og*. Hún hafi bara verið orðin þreytt, verið tilbúin en hafi þurft að rífa sig í gang af því að þetta væri eitthvað sem var búið var að ræða um.

15. Sagði ákærði að brotþoli hefði legið á hlið í aftursætinu. Þegar hann hefði komið í aftursætið hefði hann reynt að ná honum upp og koma honum inn en hann sagðist minna að það hefði ekki gengið vel. Hann hefði ekki náð að klára heldur verið orðinn svo þreyttur að hann hefði verið alveg að *detta út*. Hann hefði haft samfarir við hana um leggöng og komið að henni einhvern veginn á hlið eins og hún hefði sýnt honum að best væri að gera. Kvaðst hann ekki geta lýst meðvitundarstigi brotþola en hann hefði séð myndbandið og það væri hægt að taka úr öllu samhengi. Honum hafi sjálfum brugðið við að horfa á þetta en hann var í svona sambandi á þessum tíma og í neyslu og *þetta er það sem maður leitar uppi*. Þau áttu vel saman að því leyti. Gögnin sem hann lagði fram sýni fram á að þessi brenglun hafi verið í gangi hjá þeim báðum. Brotþoli hefði verið undir áhrifum lyfja eða vímuefna þegar þetta gerðist og verið búin að taka alls konar efni, m.a. *oxy*. Sagði ákærði að fram kæmi á myndskeiði sem hann hefði lagt fram að hún hefði verið mikil keppnismanneskja í neyslu.
16. Ákærði sagði að samræðið hefði verið með vilja og samþykki brotþola. Spurður hvernig hún hefði veitt honum samþykki sagði ákærði að þau hefðu verið í sambandi og verið búin að ræða þetta. Þau hefðu rökrætt þetta fram og til baka og tekið upp alls konar myndbönd og verið að fá sér. Þetta væri óeðlilegt í alla staði en fyrir þeim hefði þetta verið eðlilegt. Þau hefðu byrjað að ræða þetta fyrsta daginn sem þau hittust og þá hefði hún sýnt honum myndbönd sem hún hefði verið með af sér og fyrrverandi kærasta sínum á tilteknum netmiðli. Spurður hvernig hún hefði veitt samþykki í þetta sinn og hvenær sagði ákærði að hún hefði sagt *að ef ég verð einhvern tímann svo vönkuð að þá áttu að halda áfram*. Þetta hafi þau rætt fyrstu eina eða tvær vikurnar eftir að þau kynntust. Þá hafi hún byrjað að gefa grænt ljós á ýmislegt. Þau hefðu ekki rætt þetta sérstaklega í þessu tilviki en þá voru þau búin að vera saman í tvo mánuði og þetta var eitthvað sem búið var að gerast. Hún hafi ekki þurft að veita samþykki sitt þegar hann kom inn í bifreiðina þar sem þau voru búin að tala um þetta í upphafi og hefðu oft talað um að þetta væri bara leyfilegt og eðlilegt, ef þau væru eitthvað vönkuð, og átti það við um þau bæði.

17. Staðfesti ákærði að hann hefði talið sig vera með almennt samþykki brotþola til að hafa samfarir við hana hvar og hvenær sem er og sama í hvernig ástandi. Þetta var hvorki í fyrsta né síðasta skiptið sem þetta gerðist. Ákærði sagði að það hefði ekkert verið óeðlilegt við ástand hennar frekar en hans og taldi að brotþoli hefði verið í ástandi til að veita samþykki sitt fyrir kynmökunum og hefði hún getað sagt nei. Byggi hann það á því að þegar horft er á myndskeiðið hafi hún aldrei sagt *stoppaðu, nei* eða *hvað ertu að gera*.
18. Þá kom fram hjá ákærða að eftir að kynmökunum hefði lokið hefði hann reynt að komast til vinar þeirra í Hafnarfirði. Þegar þau hefðu lagt af stað hefði brotþoli setið aftur í en síðan komið fram í eftir að þau lögðu af stað. Á leiðinni hefðu þau lent í árekstri en þá hefði brotþoli verið komin fram í. Hefðu þau bæði verið handtekin og þegar þeim var sleppt daginn eftir hefðu þau haldið áfram í neyslu. Telji hann að brotþoli sé að saka sig um nauðgun vegna ósamkomulags milli þeirra. Brotþoli hafi m.a. sagt honum ósatt um að hún væri barnshafandi eftir hann og einnig hafi hún verið að sækjast í hann eftir að hann var byrjaður með annarri konu. Þessi leiðindi hefðu byrjað og hún byrjað að sýna myndskeiðið í byrjun ágúst sem endaði með því að hún kom með hóp af mönnum og ætlaði að veitast að honum á [...]. Það atvik hefði í raun verið vegna þess að hann var að losa sig við brotþola.
19. Ákærði staðfesti að hafa tekið upp myndskeiðið af samræðinu en mundi ekki hvort það var á síma hans eða brotþola en þau hefðu verið með aðgang að sínum hvors annars. Þetta hefði hann gert í samráði við brotþola. Hún hefði vitað af myndskeiðinu frá fyrsta sólarhring og hefðu þau rætt það þegar þau hittust daginn eftir heima hjá B. Þetta hafi hann sýnt fram á með myndbandi sem hann hafi lagt fram þar sem hún haldi á símanum hans í fimm mínútur og talar, brosir og er glöð. B hafi einnig verið þar og hafi ákærði sýnt þeim grein um mann á *þessum aldri* sem hefði verið tekinn og bifreiðin skemmd og hefði hann verið að hugsa um hvað þetta liti illa út, m.a. í augum föður hans, og að hann hafi verið með *eina svona unga stelpu í bílnum* og voru þeir eitthvað að gantast með þetta. Spurður hvort brotþoli hefði séð þetta myndband sagði ákærði að *hún vissi alveg af því*.
20. Sagði ákærði að þau hefðu verið búin að ræða um að taka upp svona myndband og ef sú aðstaða kæmi upp *að menn væru vel ruglaðir á því* myndu þau samt taka upp myndskeið. Staðfesti ákærði að hann væri enn að vísa til almenns samþykkis hennar fyrir upptökum. Viti hann ekki hvernig myndskeiðið hafi borist í síma brotþola. Kvaðst hann ekki muna

hvort hann hefði í umrætt sinn spurt hana hvort hann mætti taka þetta myndskaið upp. Taldi hann að brotþoli hefði þá verið í ástandi til að veita samþykki sitt fyrir upptökunni og byggi hann það á samræðum þeirra.

21. Staðfesti ákærði að brotþoli virtist vera mjög þreytt, jafnvel sofandi í upphafi, og sagði það bara hafa verið eins og í öll hin skiptin sem þetta hefði gerst. Áður en samfarirnar hófust hefði hann aðeins tekið niður buxur hennar og reynt að setja hann inn en hún hefði hjálpað eitthvað. Eftir samfarirnar hefði brotþoli togað sjálf buxurnar upp aftur.
22. Ákærði sagði að þegar fólk væri að fá sér svefntöflur og lyf og byrja að detta út og *þá segir maður bara að ég vil ekki vera að byrja eitthvað þegar þú ert að fara að detta út*, þá hafi hann ekki áhuga fyrr en sagt er að hann megi bara halda áfram. Þá kviknar upp þessi kynbrenslun, maður er að fá sér og hún vill leyfa það og þannig byrjar það. Kvaðst hann ekki hafa sett nein mörk við það hvort hún væri með einhverja rænu eða sofnuð þar sem hún hafi ekki beðið um það.
23. Var ákærða kynnt að brotþoli virðist fyrst til að byrja með á myndbandinu ekki vera með fulla meðvitund og sagði ákærði að hann hefði ekki upplifað það að hún væri alveg meðvitundarlaus. Hann væri búinn að horfa á þetta myndskaið núna og honum blöskri sjálfum en hann verði að hugsa líka um það að þetta er ástandið sem hann var í og að þetta var það sem hún vildi. Spurður hvort þetta hafi verið óeðlilegt kynlífshljóð sem heyrast er brotþoli segi *bíddu* og *æi* eins og hún finni sársauka og sagði ákærði þá að þau hefðu verið í aftursæti bifreiðarinnar og væru þetta ekki bestu aðstæður.
24. Þegar atvik gerðust hafi hann verið búinn að vera í mikilli neyslu í 25 ár. Hann hefði aðallega verið að reykja krakk og svo hefði einnig verið þennan dag. Brotþoli hefði mest verið að taka *oxy* en hún hefði líka viljað kókaín og amfetamín. Þennan dag hafi brotþoli verið búin að nota allt framangreint, auk þess sem hún hafi tekið alls konar lyf, m.a. við einhverjum sjúkdómi. Sagði ákærði að þau hefðu lent í árekstrinum kannski um fimm mínútum eftir að samförunum lauk. Á þessum fimm mínútum hafi hann verið að aka bifreiðinni en brotþoli verið að hafa sig til og undirbúa sig undir að koma fram í. Þau hefðu ekki fengið sér nein efni á þeim tíma sem leið fram að árekstrinum.
25. Ákærða var sýnt framlagt myndband af ætluðu broti. Spurður hvernig brotþoli komi

honum fyrir sjónir með tilliti til meðvitundarstigs og þátttöku í þessum kynferðisathöfnum sagði ákærði *bara eins og um var talað*, þetta væri ekkert nýtt fyrir honum. Hún segi aldrei *nei*, *stoppaðu* en hún segi kannski *bíddu* en þau séu í aftursætinu í mjög þröngum aðstæðum. Hann segi meira að segja við hana að þau hafi verið búin að ræða þetta, að hún hafi verið búin að leyfa honum þetta. Var ákærða kynnt að í upphafi myndskaiðsins heyrir brotþoli segja *ái* og *bíddu* nokkrum sinnum og *nei* og kvaðst ákærði ekki hafa heyrt hana segja *nei*. Samþykkið hefði verið til staðar. Spurður hvers vegna hann hefði ekki beðið þegar hún bað hann um að bíða sagði ákærði að hann hefði beðið og telji að það komi á myndskaiðinu; hann bíði og hún reyni að snúa sér.

26. Ákærði var spurður hvaða skilning hann legði í þau hljóð sem brotþoli gæfi frá sér á myndskaiðinu og sagði ákærði þá að aðstæður hefðu verið óþægilegar og hefði þetta bara verið brak og brestir í bílnum. Var ákærða kynnt að fram komi í myndskaiðinu að hann segi *vertu kjurr* og sagði ákærði þá að það væri svo lítið pláss í bifreiðinni og þau hefðu verið að reyna að koma sér fyrir. Þá er ákærða einnig kynnt að hann hafi spurt hana í þrígang hvort þetta hafi verið agalegt og hann spurður hvað hann hafi átt við með því og ákærði sagði þá að þau hefðu verið í aftursæti bifreiðarinnar.
27. Var ákærða kynnt að fram komi í lok myndskaiðsins að hann segi *nei*, *þú ert steinsofnuð*, *komdu í buxurnar* og var hann spurður hvort brotþoli hefði verið sofandi í umrætt sinn. Ákærði sagði að hún hefði bara verið að umla, það hefði verið þröngt í bifreiðinni. Spurður hvers vegna hann hafi sagt að hún væri steinsofnuð sagði ákærði að þau hefðu bæði verið að steinsofna. Að hans mati hafi hún þarna verið með fulla meðvitund, *bara vel dópuð á því*. Þessi *oxy*-lyf eru líka þannig, *þetta eru morfínlyf, fólk er að reykja þetta og éta þetta og er í kóma, sko*. Var ákærða kynnt að ítrekað komi fram hjá honum í skýrslutöku hjá lögreglu að hún hafi verið hálfvönkuð, hafi kannski verið sofandi og hafi verið dettandi inn og út og að hún hafi verið mjög þreytt þegar hann var að keyra yfir í næstu götu. Sagði ákærði að þau hefði bæði verið mjög þreytt og alveg að sofna.
28. Sagði ákærði rangt sem fram komi í frumskýrslu lögreglu vegna umferðaróhappsins, og vitni er sagt hafa borið um, að brotþoli hafi komið úr aftursæti bifreiðarinnar. Hún hafi þá verið komin í framsætið og hann hafi meira að segja skipt við hana um sæti. Hún kom út úr bifreiðinni úr framsæti.
29. Spiluð var fyrir ákærða hljóðupptaka af myndbandi nr. [...]. Ákærði sagði að bæði

myndböndin hefðu verið tekin upp í júní eða júlí 2022 af því að brotapolí hefði sagt honum að taka þetta upp. Brotapolí segi ýmislegt þarna sem stemmi við þeirra hegðun. Hann hafi sjálfur verið meðvitaður um þessa upptöku þegar hún fór fram og þau hefðu bæði verið undir áhrifum. Spiluð var fyrir ákærða hljóðupptaka af myndbandi nr. [...]. Var ákærða kynnt að þarna hefði brotapolí verið að lýsa því hvað geri hana graða og sagði ákærði þá að alveg frá upphafi hefðu þeirra samskipti verið byggð á þessu. Brotapolí hefði alltaf verið tilbúin til að tala svona að fyrra bragði, sýna honum myndskaið og stinga upp á því sem þar er gert. Þegar þau hefðu verið í neyslu hefði þetta verið það sem var samþykkt, eins og sæist á myndskaiðinu. Ákærði sagði að þarna hefði brotapolí verið að taka upp á hans síma sem sýni að hún hafði greiðan aðgang að honum. Staðfesti ákærði að þetta hefðu verið fantasíur af hennar hálfu en sagði að þær hefðu raungerst með því að vera að taka upp. Þegar ákærða var kynnt að myndband nr. [...] virtist vera gert þann 23. júlí 2022 og nr. [...] þann 6. ágúst sama ár og virtust hafa verið tekin upp eftir meint brot sagði hann að þetta hefði verið svona frá fyrsta degi, símarnir hefðu alltaf verið uppi. Brotapolí hefði verið búin lýsa þessum fantasíum áður og sýna honum.

30. Ákærði kvaðst hafa eytt öllum myndböndunum þegar brotapolí hefði beðið hann um það og þau tvö sem hann síðar lagði fram í málinu hefði hann fundið á iPadnum sínum. Kynnt að í gögnum um samskipti þeirra sem hann lagði fram komi fram að 7. ágúst biðji brotapolí hann um að eyða öllum nektarmyndum af sér sagði ákærði að þetta hefði verið byrjunin á sambands slitunum.
31. Var ákærða kynnt að í skilaboðum milli þeirra komi fram að hann segi: *Ég vissi ekki að ég hefði verið að nauðga þér eins og þú átt að vera að segja, trúi ekki að þú sért að segja þetta* og þá segi brotapolí *en ég fann myndböndin í símanum þínum*. Kvaðst ákærði þá hafa sagt *vorum við ekki búin að ræða þetta?* og að hann hefði spurt hana. Ákærða var kynnt að hann hefði þá sagt *ef þér finnst það vera þannig þá skil ég það að þú viljir ekki tala við mig* og hún segir þá *þetta mál er búð*. Sagði ákærði að þau hefði verið að rífast og verið ósátt yfir mörgum hlutum og hefði hún verið að vísa til þeirra samskipta en ekki til þessa atviks. Þá var ákærða kynnt að brotapolí segði í lok samskipta þeirra að hún *vildi bara kók og klám, við tvö* og sagði ákærði þá að þetta hefði bara verið þannig samband, gott kók og klám og að vera vakandi í tvo, þrjá, fjóra daga, það hefði verið það sem þetta gekk út á. Sagði ákærði að þeirra samband hefði snúist um neyslu og þetta kynlíf sem

hann væri búinn að lýsa.

32. *Brotapoli* sagði að ákærði væri fyrrverandi kærasti hennar og hefðu þau verið saman frá því í júní þar til ágúst eða september árið 2022. *Brotapoli* sagði atvik hafa gerst þar sem hún hefði legið í bifreið í Kópavogi rétt fyrir ofan [...]. Hún hefði verið búin að vera vakandi í sjö daga eða lengur og verið uppgefin. Ákærði hefði fengið sér að borða á [...] og á meðan hefði hún lagt sig í aftursæti bifreiðarinnar. Hún hefði varla verið með rænu en myndi þetta samt. Hún hefði enn legið í aftursætinu þegar ákærði hefði komið inn í bifreiðina og sest í aftursætið hjá henni. Hún hefði byrjað á því að segja *bíddu* og *bíddu* og svo hefði hún sagt *nei* og þá hefði hann reynt að rífa hana úr buxunum. Telji hún að hún hafi sagt *nei* við ákærða alla vega þrisvar. Hann hafi fyrst tekið niður um sig buxurnar og byrjað að fróa sér en hún varla orðið vör við það þar sem hún hafi verið svo *út úr*. Það næsta sem hún muni eftir sé að ákærði hafi sett getnaðarliminn inn og hafi hún grátið og öskrað og beðið hann um að hætta þessu en hann hafi bara riðið henni án hennar vilja. Kvaðst hún hafa sagt *nei* nokkrum sinnum. Þegar ákærði hefði verið búinn að koma inn í hana hefði hann sagt henni að rífa upp um sig buxurnar. Kvaðst hún ekki hafa verið með fulla meðvitund þegar ákærði hefði haft samræði við hana.
33. *Brotapoli* sagði að þegar hún hefði séð myndbandið hefði þetta rifjast upp fyrir henni. Hún muni hvar bifreiðinni hafi verið lagt og að hún hafi lagt sig í aftursætið. Þegar ákærði hafi komið til baka af veitingastaðnum hafi hann greinilega verið graður og hún vildi ekki ríða honum. Hún hafi ekki getað sagt neitt og verið allt of uppgefin. Samt hafi hún ýtt honum frá sér og þá hafi ákærði byrjað að fróa sér. Hún man eftir þessu af því að hún gaf eiginlega bara skít í það og þá varð hann eitthvað reiður og byrjaði að rífa niður um hana buxurnar og þá byrjaði hún að grátbiðja hann, *plís ekki, nei, ekki núna, bíddu*. Hún var alltaf að segja honum að bíða aðeins. Hún hefði verið greind með [...] og þyrfti því, samkvæmt læknisráði, að nota deyfikrem og gat verið mjög vont fyrir hana að stunda samfarir en hann setti hann samt inn. Ákærði hafi vitað af þessu. Hún hafi fundið fyrir einkennum við þessar samfarir og grátið. Hafi þetta verið mjög sárt og hafi henni blætt eftir þetta. Hún muni einnig að hún hafi legið þegar hún fann að ákærði var að reyna að setja liminn inn en náði því ekki og lagaði hana þá og setti hann inn. Hún hafi þá byrjað að *óma* og öskra á hjálp, *æi, hættu* og sagði *nei*. Hefði ákærði fengið sáðlát. Þegar þetta hefði gerst hefði hún verið með mjög skerta meðvitund. Hún væri með sjálfstæðar minningar af atvikinu fyrir utan það sem komi fram á myndbandinu. Muni hún eftir því

að þau hafi fengið sér krakk áður en þetta gerðist, að ákærði hafi verið að reyna að redda fyrir hana *oxy*, að ákærði hafi verið svangur og fengið sér hamborgara og þegar ákærði reyndi að fá hana til að taka á sig sökina vegna umferðaróhappsins.

34. Ákærði hefði síðan ekið af stað og hún þá enn legið í aftursætinu lömuð en ekki sofnað aftur. Hún hefði vaknað upp við nauðgunina en samt verið dofin. Hann hafi ekið niður Kópavogsbrautina og lent þar í umferðaróhappi og hafi hún vaknað upp við það. Hafi það gerst innan við hálf tíma eftir meinta nauðgun. Ákærði sagði henni þá að fara í framsætið þar sem hún væri með bílpróf en ekki hann og hann myndi fara í fangelsi. Brotapoli kvaðst hafa gert það og lögreglan hefði handtekið hana og sett í klefa í 24 tíma. Kvaðst hún hafa sagt við lögregluna að hún væri ekki tilbúin til að taka á sig sökina. Brotapoli kvaðst ekki hafa notað nein efni frá því að meint nauðgun átti sér stað og þangað til umferðaróhappið varð. Hafnaði brotapoli þeim framburði ákærða að hún hefði klifrað yfir í framsætið á meðan ákærði hefði verið að aka bifreiðinni.
35. Brotapoli kvaðst hafa neytt vímuefna þennan dag, ópíóíða og kókaíns. Hún hafi verið ópíóíðafíkill og væri í dag komin í meðferð vegna þess. Verði hún mjög syfjuð af *oxy* sem sé slakandi. Ákærði hafi einnig verið að fá sér kókaín og hafi hún reykt krakk með honum áður en hann fór inn á veitingastaðinn. Samkvæmt gögnunum hafi mælt í henni benzódín sem hún hafi ekki verið von að taka. Haldi hún að ákærði hafi laumast til að gefa henni *benzó* til að halda henni syfjadhri. Hafi hún verið búin að vera vakandi lengi og orðin uppgefin. Ákærði átti alltaf efni fyrir hana og hún sóttist í þau og hafði hann því algjört tak á henni.
36. Brotapoli sagði að þau ákærði hefðu ekki verið búin að ræða saman og verið sammála um að vilja stunda kynlíf einhvern tímann í bifreiðinni og heldur ekki um það að stunda kynlíf umrætt sinn. Hafnaði brotapoli því að þau ákærði hefðu rætt um það að hann mætti stunda kynlíf með henni, sama hvernig hennar ástand væri, hvar og hvenær sem væri. Einnig hafnaði hún því að þau hefðu verið búin að ræða það að hann mætti halda áfram, alveg sama hvernig hennar ástand væri, eða að það væri alltaf samþykki fyrir kynlífi, hvort sem þau væru undir áhrifum vímuefna eða ekki. Hún hefði ekki samþykkt þetta og þau ekki rætt um það sem ákærði svo gerði. Hún hafi ekki getað talað þar sem hún hafi bæði verið *vímuð* og þreytt og með svo mikið af fíkniefnum í kerfinu að hún hefði ekki getað átt samræður eða gengið inn á veitingastað. Hún hefði hvorki verið í ástandi til að veita samþykki sitt né heldur hefði hún getað spornað við því að hann hefði samræði við

hana en hefði getað sagt nei. Ákærða hafi verið ljóst að hún var ekki samþykkt þessu samræði.

37. Brotapoli staðfesti að þau ákærði hefðu stundað samræði með vilja og samþykki beggja þegar þau voru undir áhrifum vímuefna og að þau hefðu verið saman en hún sagði að þetta hefði oft verið mikil valdastjórnun af hans hálfu. Hún var yngri og mikið veik af fíknisjúkdómi sem hann vissi og notfærði sér. Ákærði hefði oft haft samfarir við hana þegar hún var sofandi eða of dýpuð til þess að svara fyrir sig. Þetta myndband væri eina tækifæri hennar til að kæra það, annars hefði enginn trúað henni. Brotapoli kvaðst ekkert hafa orðið vör við ákærða í aftursætinu og muni ekki eftir því að hann hafi haft samræði við hana. Hún vissi ekki að hann hefði nauðgað henni fyrir en hún sá myndskreiðið sjálf í síma ákærða um mánuði seinna en hún hefði farið inn í síma ákærða þar sem hún var afbrýðisöm. Þá varð hún að sjálfsögðu reið en þorði ekki að segja neitt við hann og gat ekki komið sér undan.
38. Brotapoli sagði að þau hefðu rætt um að taka saman upp myndskreið þegar þau væru bæði samþykkt því, en ekki þegar hún væri ekki með meðvitund. Þá hafnaði brotapoli því sem fram kom hjá ákærða, að þau hefðu rætt um og verið sammála um að taka upp myndbönd þó að þau væru vönkuð og halda áfram þó að þau væru án meðvitundar. Hún var búin að segja nei við því, vissi að hann hefði eitthvað verið að taka upp en hún lét það bara *fara fram hjá sér*. Hún hafi ekki verið meðvituð um að ákærði hafi verið að taka upp þetta myndskreið, hafi hvorki samþykkt það né verið í ástandi til að veita samþykki sitt. Ákærða hafi fundist mjög gaman að taka upp þegar það var samþykki fyrir kynlífi og var það alltaf gert á hans síma og oftast að hans frumkvæði. Fyrsta mánuðinn í sambandi þeirra hefðu þau eiginlega engin myndskreið tekið upp. Þá kvaðst hún ekki hafa verið að taka upp myndefni til að selja. Hún hafi opnað slíkan reikning í desember 2022 en lokað honum strax. Haldi hún að ákærði hafi frétt af reikningnum árið 2024 og þess vegna farið í skýrslutöku og bætt því við vitnisburð sinn til þess að reyna að bæla hana niður.
39. Brotapoli sagði að þegar hún hefði sent myndskreiðið yfir í sinn síma hefði hún *AirDroppað* því. Kvaðst hún hafa heyrt að ákærði hefði verið að stunda það að taka upp stelpur án þeirra leyfis þannig að hana var farið að gruna að það gæti átt við um hana. Hún hefði farið inn á síma ákærða á meðan hann hefði verið í sturtu og þá séð þetta myndskreið. Kvaðst hún hafa fengið algjört áfall og fundist hún vera ógeðsleg og brotin og væri þetta búin að eyðileggja líf hennar. Líði henni enn illa. Kvaðst hún ekki hafa

farið strax með myndskaiðið til lögreglu þar sem hún hefði ekkert annað að fara. Þorði hún ekki að geyma myndskaiðið í sínum síma og það vinkonu sína að geyma það þangað til hún væri búin að ákveða hvað hún ætlaði að gera við það. Kvaðst brotaþoli hafa verið hrædd við að kæra.

40. Kvað brotaþoli sig minna að daginn eftir hefðu þau farið heim til B og látið eins og ekkert hefði gerst. Þau hefðu spjallað en hún muni ekki til þess að upptökuna af atvikum daginn áður hafi borið á góma. Þau hafi verið mikið heima hjá B og minni hana að B hafi verið viðstaddur en haldi að hann hafi ekki tekið þátt í spjallinu. Þá hafi hún ekki vitað af myndskaiðinu. Kvaðst brotaþoli hafa verið á háalofinu hjá B þegar hún sá myndskaiðið í síma ákærða. Hún hefði sagt B frá þessu og hafi honum fundist þetta vera rangt og ógeðslegt og viljað henda ákærða út. Brotaþoli kvaðst hafa farið á [...] með B og fleirum en það hafi ekki verið til að gera ákærða eitthvað. Hafnaði hún því að hafa sýnt mönnum myndskaiðið og í kjölfarið sigað þeim á ákærða til að lemja hann. Sagði brotaþoli að þau atvik sem gerðust þá komi henni ekki við.
41. Brotaþola var sýnt myndskaiðið og kvaðst hún hvorki hafa tekið þátt í þessum kynferðisathöfnum né veitt samþykki sitt fyrir þeim. Þegar þetta hafi gerst hafi hún ekki getað veitt samþykki sitt. Kynnt að það heyrist í upphafi myndskaiðsins að hún segi *á* og *bíddu* nokkrum sinnum og *nei* kvaðst brotaþoli hafa sagt þetta af því að hún vildi þetta ekki. Bendi hljóðin sem hún gaf frá sér til þess að ákærði hafi verið að meiða hana. Þegar þau hafi haft samræði á sambandstíma sínum með samþykki hafi það ekki farið þannig fram að hún hefði verið að segja *ái*, *bíddu* og *nei*. Þá kvaðst hún hafa verið að streitast á móti þegar ákærði sagði *vertu kjurr*, og þegar ákærði sagði *þú ert steinsofnuð* hefði hann viðurkennt að hún væri sofandi þarna eða rænulaus.
42. Brotaþoli kvaðst ekki kannast við að hafa verið með ákærða inni á [...] og þá rætt við hann um að fara að stunda kynlíf og því hafi hún farið í aftursæti bifreiðarinnar. Þá kvaðst hún ekki muna eftir því að ákærði hafi, eftir að hann kom út af veitingastaðnum, fyrst ekið í næstu götu og stoppað bifreiðina þar og komið aftur í. Minni hana að ákærði hafi lagt við endann á götunni, á Nýbýlaveginum. Þar hefðu þau verið í nokkra klukku tíma og hafi ákærði reynt að elda sér kókaín.
43. Var brotaþola kynnt að fram komi í gögnum málsins að 620 ng/ml amfetamín hafi mælst í blóði hennar og alprazolam. Spurð kvaðst brotaþoli muna eftir því að hafa verið að taka

amfetamín þennan dag. Hún hafi verið búin að vera vakandi í sjö daga þegar þetta gerðist. Muni hún ekki eftir því að hafa tekið alprazolam.

44. Kynnt að ákærði hafi borið því við að þeirra samband hafi snúist um að stunda kynlíf, það hafi verið brenglun í gangi út af neyslu, þau hafi endalaust verið að stunda kynlíf og hún gefið honum fullt leyfi til að stunda kynlíf með sér þó að hún væri sofandi og taka það upp kvaðst brotþoli ekki hafa gefið ákærða almennt leyfi eða samþykki fyrir slíku. Hún hafi verið rétt um tvítugt, ákærði hefði getað verið pabbi hennar og hann var búinn að dæla í hana fíkniefnum. Hann var í valdastöðu og var að notfæra sér vald sitt yfir henni.
45. Spiluð var fyrir brotþola hljóðupptaka af myndbandi nr. [...]. Kynnt að þar segi hún: *Veistu hvað gerir mig graða? Að láta stjórna mér, misnota mig, dominate-a, skamma mig og helst niðurlægja, ... ég veit það ekki, ég er svo mikið fórnarlamb* sagði brotþoli að það gæti alveg verið að með samþykki vildi hún stunda þannig kynlíf en það breyti því ekki að þetta hafi verið nauðgun og ekki með samþykki. Hún hafi grátið og öskrað og það sé ekki það sama og að vilja láta stjórna sér og hafa öryggisorð og svoleiðis. Þarna hafi hún alls ekki verið að meina að hann mætti stunda kynlíf með henni hvenær sem væri og í hvaða ástandi sem hún væri og taka það upp. Kannast hún við þessar samræður. Spiluð er fyrir brotþola hljóðupptaka af myndbandi nr. [...]. Kvaðst brotþoli ekki muna eftir þessum samræðum þeirra en heyri að það sé hún sem er að tala. Þarna hafi hún ekki verið í sama ástandi og á fyrra myndbandinu heldur meðvituð um hvað hún var að gera og tala um.
46. Var brotþola kynnt að fyrir liggja í gögnum málsins spjall þeirra á milli, m.a. á Instagram og Messenger, og komi þar fram að hún segi 7. ágúst *eyddu öllum nektarmyndum af mér*. Brotþoli sagði að þá hefði hún pottþétt verið búin að fara í gegnum símann og finna myndbandið og líklegast búin að senda sjálfri sér það. Hún hefði sent honum nektarmyndir og bað hann um að eyða þeim en viti ekki hvort hann hafi gert það.
47. Þá var brotþola kynnt að þar fram komi 9. ágúst að ákærði sagði *ég vissi ekki að ég hefði verið að nauðga þér eins og þú átt að vera að segja, trúi því ekki að þú sért að segja þetta* og að brotþoli sagði þá *fann myndböndin í símanum þínum*. Því hafi ákærði svarað: *Var ég ekki búinn að segja þér og spurja áður en söfnuðum og ef þér finnst það vera þannig þá skil ég það að þú viljir ekki tala við mig og hafi brotþoli þá sagt þetta mál er*

búið. Sagði brotapolí að með því hafi hún meint að sambandið hafi verið búið af því að hún hefði fundið myndskreiðið af sér. Hún hefði sagt við hann nokkrum sinnum að hann hefði nauðgað henni og að hún væri búin að sjá myndskreiðið en hann neitaði samt að hafa gert það. Þá var brotapolá kynnt að hún segði við ákærða í lok þeirra sambands, í samskiptum á Messenger 15. ágúst, að hún hafi bara viljað *kók og klám*, við tvö. Brotapolí sagði þá að hún ætti afmæli 4. ágúst og að hún hefði verið reið.

48. Kvaðst brotapolí hafa farið á [...] og leitað sér aðstoðar vegna fíknisjúkdóms og hafi hún þurft að vinna úr því áður en hún gat farið að leita sér sálfræðiaðstoðar vegna þessa atviks. Einnig hafi hún leitað í Bjarkarhlíð og til AA-samtakanna og farið í endurhæfingu. Kvaðst hún enn í dag fá martraðir og geti ekki verið ein. Lifi hún við mikla áfallastreitu eftir þetta og hafi þetta skemmt líf hennar. Hún hefði byrjað í neyslu þegar hún var tvítug og væri hún 23 ára í dag. Kvaðst hún hafa verið búin að vera í neyslu í eitt ár þegar hún kynntist ákærða. Væri hún enn hrædd við ákærða. Hún væri með mikla áfallastreitu sem hún tengdi við ákærða. Hún hafi verið óvinnufær eftir að þetta gerðist.
49. *Lögreglumáður nr. C* staðfesti að hafa ritað frumskýrslu vegna umferðaróhapps sem ákærði og brotapolí lentu í sama dag og meint brot var framið og staðfesti hann þá skýrslu. Staðfesti vitnið að sú dagsetning og tímasetning sem kæmi fram fremst í skýrslunni, 18. júlí 2022, kl. 13:34, væri sá tími þegar tilkynnt var um umferðarslysið sem þá hafði nýlega átt sér stað. Kvaðst vitnið hafa rætt við ákærða og flutt hann handtekinn á lögreglustöð og hafi hann þá verið ör og virst vera í smá sjokki. Hann hafi ekki rætt við brotapolá en sá hana og virtist hún vera þínu ringluð eins og hún væri nývöknuð. Vísaði vitnið í skýrsluna hvað varðar bókanir annarra lögreglumanna sem ræddu við aðila á vettvangi og staðfesti að þær væru frá viðkomandi lögreglumönnum komnar og hefðu verið færðar yfir í skýrsluna. Ætti þetta m.a. við um bókun lögreglumanns nr. D, sem ræddi við vitni á vettvangi, og bókun lögreglumanns nr. E sem kom fyrstur á vettvang. Einnig staðfesti vitnið handtökuskýrslur sem hann ritaði vegna handtöku ákærða og brotapolá. Staðfesti hann að það hefði verið mat lögreglumanna á vettvangi, sem fram komi í skýrslunni, að brotapolí hefði verið með óstöðugt jafnvægi og ruglingslegan framburð og að ákærði hefði verið með samandregin sjáöldur, verið óstöðugur og ruglingslegur.
50. *Lögreglumáður nr. E* kvaðst hafa ritað bókun vegna umferðaróhappsins sem varð sama dag og meint brot. Hann hafi rætt við meintan ökumann og farþega og ætti upptöku af

Því úr bókmyndavél. Þau hefðu verið í dálítið annarlegu ástandi. Ákærði sagði strax að brotþoli hefði verið að aka bifreiðinni og hún viðurkenndi það og var þeim þá stíað í sundur og kom þá fram önnur saga. Þegar hann kom á vettvang sá hann þau úr fjarska vera bæði að gramsa í bifreiðinni en enginn annar hafi verið í kringum bifreiðina. Kvaðst hann hafa grunað ákærða um að vera undir áhrifum einhvers konar fíkniefna en hann hafi verið verulega ör, ör í tali og sjáöldur samandregin. Brotþoli virkaði eins og hún væri nývöknuð og óáttuð, eins og hún væri enn að átta sig á hvað hefði gerst. Hún virkaði einnig dálítið drafandi en erfitt hafi verið að meta hvort hún væri undir áhrifum. Voru þau bæði handtekin og þeim kynnt réttarstaða sakbornings. Sjálfur hafi hann ekki rætt við önnur vitni en skiljist að þarna hafi verið vitni sem hafi séð þau skipta um sæti eftir að hafa séð brotþola koma úr aftursætinu. Kvaðst hann hafa gert bókun um aðkomu sína sem færð var inn í frumskýrslu og staðfesti hann þá bókun.

51. *Lögreglumaður nr. F* staðfesti bókun sem færð var inn í frumskýrslu vegna umferðaróhappsins. Aðkoma lögreglumannanna að málinu hafi fyrst og fremst verið að koma brotþola, að hann minni, undir læknishendur eða á lögreglustöð og tóku þau við henni þegar þau komu á vettvang. Kvaðst hann hafa rætt við brotþola á leiðinni og hafi hún verið mjög sljó og frekar drafandi og sofnaði hún ítrekað þegar þau voru að reyna að ræða við hana. Brotþoli sagði þeim að hún hefði verið sofandi í aftursæti bifreiðarinnar þegar ákærði vakti hana og bað hana að setjast undir stýri því að hann væri ekki með ökuréttindi.
52. *Lögreglumaður nr. G* staðfesti að hafa gert skýrslu um upptöku sem var í síma brotþola. Spurð hvernig brotþoli hefði komið henni fyrir sjónir á myndskaiðinu með tilliti til meðvitundarstigs og þátttöku í því sem var að eiga sér stað sagði vitnið að brotþoli hefði virst vera sofandi og væri líka eins og hún væri ekki í sambandi við það sem væri að gerast. Hafi henni ekki fundist brotþoli vera að taka þátt í kynmökum en henni hafi virst ákærði vera í fínu standi. Það hafi ekki komið fram á myndskaiðinu að brotþoli væri samþykkt því sem var að gerast eða að hún væri meðvituð um að það væri verið að taka upp. Var vitninu kynnt að brotþoli hefði sagt í skýrslu sinni fyrir dómi að hún hefði sagt *hættu* en það kæmi ekki fram í endurrituðum texta vitnisins og sagði vitnið þá að textinn hefði verið rosalega óskýr. Hún hefði marghlustað og hefði verið erfitt að greina orðaskil. Það væri alveg mögulegt að hún hefði sagt *hættu* en það hafi verið óskiljanlegt.
53. Þá staðfesti vitnið að hafa unnið upplýsingaskýrslu vegna máls nr. 007-2022-[...], er

varðar umferðaróhapp, vegna tilurðar frum- og handtökuskýrslna og niðurstaðna úr matsgerðum frá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði í Háskóla Íslands. Vitnið sagði að horft hefði verið til þessara gagna við rannsóknina þar sem atvikið hefði átt sér stað stuttu eftir meint kynferðisbrot og þá hefði ástand a.m.k. brotþola ekki verið gott. Meðal annars hafi verið teknar blóðprufur og þau hafi ákveðið að nýta gögnin til að sýna fram á ástand brotþola þegar brotið átti sér stað. Vitnið sagði að tímasetningin 18. júlí 2022, kl. 15:07, sem komi fram á upplýsingaskýrslu, þar sem það sem fram kemur á myndskreiðinu er ritað upp, kæmi til af því að þegar brotaflokkur er skráður inn komi sjálfkrafa sá tími þegar það er skráð. Ef dagsetningu er breytt kemur tímasetningin þegar það er gert nema henni sé einnig breytt. Fyrsta bókun í málinu hafi verið skráð kl. 15:20 og telji hún líklegast að þegar brotaflokkurinn var skráður inn hafi láðst að setja inn tíma brotsins þó að dagsetning brotsins hafi verið skráð rétt. Miðað við þetta er kl. 15:07 röng tímasetning á brotinu.

54. *Lögreglumaður nr. H* kvaðst hafa afritað tvær upptökur af síma ákærða og sent hljóðið úr upptökunum í endurritun. Endurritið kom í einu lagi fyrir báðar upptökurnar. Staðfesti vitnið að hafa gert skýrslu þar sem fram kom að um tvær upptökur væri að ræða og á ákveðnum tímapunkti átti endurritið að tilheyra annarri upptöku. Hann hafi ritað skýrslu um það sem hann sá varðandi það hvenær upptökurnar voru skráðar í símann, þ.e. dagsetningu og tímasetningu upptökunnar, og staðfesti hann þá skýrslu. Lýsigögn símans geti breyst þegar gögn séu afrituð á milli tækja og þegar um upptökur er að ræða geymist *Media Created* án þess að breytast en þar komi fram dagsetning og tímasetning á því hvenær upptakan fór fram. Staðfesti vitnið að upplýsingarnar hefðu komið úr lýsigögnum.
55. *Lögreglumaður nr. I* kvaðst hafa tekið seinni skýrsluna af ákærða sem þá var með gögn sem hann vildi skila inn í málið. Þá hafi hann einnig gert samantekt á framburði ákærða, tekið við gögnunum og rannsakað þau. Var um að ræða yfir eitt hundrað blaðsíður af samskiptum af Messenger, Instagram og SMS-skilaboðum. Kvaðst hún hafa gert ítarlega samantekt á því sem fram kemur í gögnunum og hafi hún látið gögnin fylgja útprentuð með skýrslunni. Þar hafi engin játning komið fram né heldur kom þar fram að þetta hafi verið með samþykki hennar eða eitthvað slíkt. Voru þetta aðallega einhver skilaboð þeirra á milli en þau voru bæði í neyslu, m.a. rifrildi, og vísaði vitnið nánar um þetta til skýrslunnar sem hún staðfesti. Minnst hún þess ekki að fram hefði komið að brotþoli

hefði verið að kæra til að hefna sín á ákærða eða safna liði gegn honum eða að hún hefði verið að ásaka ákærða um að brjóta gegn sér kynferðislega eða með öðrum hætti. Þá hafi ekkert komið fram sem benti til þess að hún hafi vitað af upptökunni þegar atvikið átti sér stað.

56. Vitnið staðfesti einnig að hafa gert upplýsingaskýrslu um tilraunir sínar til að taka skýrslu af brotaþola. Kvaðst vitnið ekki hafa náð í brotaþola þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Brotaþoli hafi tvisvar ætlað að koma en ekki mætt. Þá hafi vitnið haft samband við móður brotaþola sem hafi ekki vitað hvar hún væri en brotaþoli hefði verið í mikilli neyslu á þessum tíma, að því er vitninu skildist. Var þá ákveðið að skrifa upplýsingaskýrslu til að tefja ekki málið frekar.
57. *Sérfræðingur tæknideildar J* kvaðst hafa verið beðinn um að skoða eitt myndband, lýsigögn myndskeiðs og ritaði um það skýrslu sem hann staðfesti. Eru það ítarupplýsingar um myndskeiðið, aðallega hvenær það hafi verið stofnað eða tekið upp og hvort það væru einhverjar aðrar upplýsingar um staðsetningu. Rannsóknin hafi leitt í ljós að myndbandið var tekið upp á Apple-símtæki, iPhone 12, með stýrikerfi 15.41 á þeim tíma sem myndbandið var tekið upp og upptaka hófst 18. júlí 2022, kl. 13:24:52. Var myndbandið sex mínútur að lengd. Vitnið sagði að lýsigögn væru skráð þegar myndskeið væri tekið upp og væru þá skráðar ýmsar upplýsingar úr skrá m myndskeiðsins. Eru þær mismunandi eftir tæki og hvaða stillingar eru á tækinu sjálfu. Upptökutækið sækir þessar upplýsingar í stillingar símans og sækir þær tímasetningar og dagsetningar sem eru á símtækinu.
58. Vitnið sagði að staðsetning hefði ekki komið fram í gögnum og hefði engin staðsetning verið á myndskeiðinu. Það geti verið vegna þess að það hafi ekki verið stillt þannig á símtækinu sem myndbandið var tekið upp á eða að stillingarnar hafi verið þannig að upplýsingarnar fóru ekki yfir í myndbandið. Kvaðst vitnið telja að það þyrfti sérfræðikunnáttu til að eiga við lýsigögnin. Sé það gert koma aðrar dagsetningar sem myndu þá samsvara breytingasöggunni á skjalinu. Þar sem þetta sé tekið af myndbandinu sjálfu sé það erfiðara.
59. *Sérfræðingur tæknideildar K* kvaðst hafa afritað samskiptagögn á farsíma ákærða með hefðbundnum hætti og staðfesti hann að hafa ritað skýrslu um þá rannsókn. Hann hafi notað til þess þau verkfæri sem þau hafa til símaafritunar, til að afrita SMS-skilaboð, og

það heitir *Instant Messaging* innan iPhone-síma og önnur skilaboð ættu að falla þar inn í. Svo hefði hann líka tekið Facebook- og Instagram-samskipti sér en þau taki hann af miðlunum sjálfum. Sími ákærða hefði ekki verið allur afritaður heldur einungis samskiptagögn með skilaboðum. Sjálfur hefði hann ekki rannsakað gögnin nánar.

60. Vitnið sagði að áður en hann afritaði gögnin af síma ákærða 24. ágúst 2022 hefði hann sót myndskaið í síma brotþola og afritað það. Vitnið staðfesti að hafa unnið skýrslu, dags. 28. ágúst 2024, um myndskaiðið og lýsigögn þess. Kvaðst hann hafa kannað þegar hann sótti myndskaiðið hvort hægt væri að finna út hvenær það hefði orðið til en við skoðun lýsigagna þessa myndskaiðs komu í ljós nokkrir tímastimplar. Tímastimplar lýsigagna breytast við alls konar hreyfingar en *Creation Date* tímastimpill, þ.e. hvenær myndbandið var tekið sem var 18. júlí 2022, kl. 13:24, ætti alltaf að haldast óbreyttur. Þá gæti hann ekki sagt til um það hvenær þetta myndskaið hefði borist yfir í síma brotþola. Það væri mismunandi hvernig myndband færðist á milli tækja eða miðla og hvaða tímastimplar breytast eða haldast óbreyttir. Það væri mismunandi á milli m.a. forrita og sendingarmáta hvaða stimplar breytast. *Quick Time* stimplarnir ættu að vera frá tækinu sjálfu en þeir geta líka breyst. Sagðist vitnið giska á að tímastimplar vegna *Quick Time* og *Track* væru úr upprunalega tækinu, þ.e. þegar myndskaið var tekið upp, en svo aðeins seinna innbyrðir síminn betur myndskaiðið til þess að sýna notandanum það seinna og þá breytast tímastimplar. Einnig geta tímastimplarnir breyst að eftir að myndskaiðið er tekið upp og það verður til á símanum og flyst yfir á annað tæki. Kvaðst hann hafa farið yfir gögnin frá ákærða með það fyrir augum að reyna að finna hvernig þetta myndskaið hefði farið á milli en ekkert séð um að það hafi gerst. Það þýði samt ekki að það hafi ekki átt sér stað. Það líður eitthvað á milli þess sem sending á sér stað og gögnin eru afrituð af símanum hans, auk þess sem gögnin sem hann afritaði voru takmörkuð.
61. Vitnið sagði að til væru margar aðferðir við að flytja myndskaið úr einu tæki í annað. Ekki hefði verið hægt að kanna alla sendingarmöguleika miðað við þau gögn sem hann hafði. Þá gæti hann ekki útilokað að gögnum hefði verið eytt úr samskiptagögnum áður en hann afritaði þau. Engin ummerki sjáist um að myndskaiðinu hafi verið *AirDropped* á milli síma. Ekki væri hægt að segja til um það hvort það hefði breytt einhverju ef lögregla hefði kannað við upphafi rannsóknar haustið 2022 hvort myndskaiðinu hefði verið *AirDropped*. Vel geti vel verið að *AirDrop*-annálaskráningar hafi eyðst út eftir einhvern tíma. Það væri mismunandi hvort það væru rafræn spor eftir *AirDrop*, það fari

eftir símtækjum, stillingum og uppfærslum, sérstaklega stýrikerfisútgáfu. Hann hefði afritað símann eftir uppfærslu og var þá ekki sama stýrikerfisútgáfa og var á myndskeiðinu.

62. *B* sagði að hann og ákærði væru búnir að þekkjast lengi, væru bæði ákærði og brotápoli kunningjar hans og hefðu búið saman hjá honum í Hafnarfirði sumarið 2022. Þau hefðu verið í mikilli neyslu á þessum tíma. Kvaðst vitnið hafa búið í studíóíbúð sem væri á tveimur hæðum. Uppi væri svefnherbergi, og þaðan væri opið beint niður, en stofa og eldhús niðri. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt í þeirra samskiptum. Á þessum tíma hafi hann ekki verið alltaf heima og hafi m.a. [...] daga í einu, og þau voru stundum heima hjá honum á meðan. Kvaðst vitnið muna eftir því að þau hefðu lent í umferðaróhappi og komið til hans eftir það. Muni hann ekki beint hvað þeim hafi þá farið á milli en sagði að þau hefðu verið að gera grín að því hvernig þetta hefði farið fram allt saman. Kynnt að ákærði hefði borið um að þar hefði verið rætt um að gerð hefði verið upptaka af kynlífi þeirra kvaðst vitnið muna eitthvað eftir því. Það hefði bara verið gert grín að þessu en hann muni það ekki nánar en *ekkert alvarlegt*. Þau hefðu verið að gera grín að *kynlífsmyndbandinu*. Muni hann ekki hvort hann hafi þá séð myndskeiðið í síma ákærða eða brotáþola en brotápoli hefði sýnt honum það þegar það voru læti á [...] í Kópavogi. Kvaðst hann minna að hann hefði einnig verið búinn að sjá það áður og telji að það hafi verið um svipað leyti og umferðaróhappið varð. Haldi hann að það hafi verið daginn eftir en hann hafi ekki skoðað það almennilega, *þetta var bara svona í einhverjum bíl, eitthvað kynlíf*. Haldi hann að brotápoli hafi vitað af þessu myndskeiði og verið með í samtali hans og ákærða þegar hann sá myndskeiðið daginn eftir umferðarslysið. Vitnið kvaðst hafa farið, ásamt fleirum, með brotáþola á [...]. Þar hafi brotápoli æst einhverja menn upp til að ráðast á ákærða og hafi hún sagt að ákærði hefði nauðgað sér, þá sýnt þeim myndskeiðið og þá hafi hann séð það í seinna skiptið. Einnig hafi brotápoli ráðist á konu sem ákærði var hrifinn af. Þarna hefði einnig verið fleira fólk og hefði lögreglan síðan komið.
63. Vitnið sagði að brotápoli hefði á þessum tíma talað um að selja kynlífsmyndbönd en hann viti ekki hvort hún hafi gert það. Þá sagði vitnið að brotápoli hefði verið að saka ákærða um að hafa nauðgað sér í seinna skiptið þegar hann sá myndbandið en ekki í fyrra skiptið. Hann hefði orðið reiður þegar brotápoli sakaði ákærða fyrst um nauðgun og hefði þá

trúað henni *eða hann viti ekki hvað*. Spurður hvernig brotþola hafi liðið þegar myndbandið var sýnt daginn eftir umferðaróhappið sagði vitnið *ekkert öðruvísi, haldi hann*. Hún hafi verið að hlusta og skoða myndbandið með honum.

64. Vitnið kvaðst lítið vera í samskiptum við ákærða eða brotþola í dag og ekkert hafa talað við ákærða í aðdraganda þessa dómsmáls. Spurður nánar sagði hann ákærða hafa skutlað sér í dóminn til að mæta í skýrslutökuna. Sagði hann þá ekki hafa rætt þetta mál alvarlega á leiðinni en faðir ákærða hefði verið með þeim. Ítrekað spurður sagði hann þá ekki hafa rætt þetta mál.
65. *L,[...] Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti að hafa unnið matsgerð nr. [...]. Málið hefði komið til þeirra sem akstursmál og hefði mælst amfetamín í þvagi og blóði viðkomandi. Var amfetamínið magnákværðað í blóði og mældist þar 620 ng/ml. Þá var leitað að lyfjum og þau síðan magnákvörðuð í blóði og mældist alprazolam 7,2 ng/ml í blóði. Væri um að ræða mjög háan styrk amfetamíns. Venjulega er talað um að lækningalegur styrkur sé 100 ng/ml og lægra en 200 ng/ml geti bent til eitrunar en þetta fari einnig eftir því hvort viðkomandi neytir efnanna oft eða ekki. Rannsóknir sýni að við 500 ng/ml sé í sumum tilvikum orðin skert meðvitund og hærra en 500 ng/ml geti verið banvænt. Í þessu tilviki, þegar viðkomandi mældist með 620 ng/ml, myndu þau alltaf segja að þetta væri eitrun.*
66. Vitnið sagði að þegar tekið væri of mikið af amfetamínlyfjum væri talað um ofskömmtun og því gæti fylgt gífurleg þreyta og þunglyndi en einnig sundl og syfja. Rannsóknir er varða vanhæfi vegna aksturs sýni að vanhæfnin aukist upp í 500 ng/ml en eftir það sé viðkomandi bara vanhæfur. Þar komi einnig fram að ein af aukaverkunum sé svefnleysi. Þegar búíð sé að taka lyfin í einhvern tíma komi mikil svefnþörf, þreyta og svefnhöfgi, því fólk keyrir ekki kerfið endalaust áfram. Þarna sé viðkomandi með það háan styrk í blóði að það geti leitt til þessarar svakalegu þreytu og sér í lagi ef viðkomandi er á niðurleið og búinn að vera í neyslu í einhvern tíma. Þegar um er að ræða þessa miklu svefnþörf, eins og þegar viðkomandi er með frá 500 ng/ml, er talað um skerta meðvitund og jafnvel dá.
67. Þá sagði vitnið að alprazolam hefði slævandi áhrif en það er ekki talið að það sé samverkandi við amfetamín eða a.m.k. mjög takmarkað. Alprazolam er í flokki benzodíazepína, róandi og kvíðastillandi lyf og hefur slævandi áhrif.

68. Vitnið staðfesti einnig matsgerð nr. [...] og sagði að þar væri viðkomandi með 285 ng/ml af amfetamíni í blóði sem er hærra en lækningalegur styrkur. Magn yfir 200 ng/ml getur bent til eitrunar en fari eftir því hvort viðkomandi neyti mikils af þessum efnum. Það finnst einnig í viðkomandi metamfetamíni en það hefur mjög svipaða verkun og amfetamín. Í rannsóknum væru þessi efni lögð að jöfnu og magn þessara efna lagt saman en samanlagt er viðkomandi með 315 ng/ml. Einnig mældist kókaín, 23 ng/ml, sem er lágt. Þegar bakpappírar eru skoðaðir sést að benzóýlekgonin er mjög hátt en það er umbrotsefni kókaíns. Bendir það til þess að viðkomandi hafi verið að neyta þessara efna í töluverðum mæli. Þá mældist einnig klórdiazepoxíð sem er í flokki benzódiazepínasambanda eins og alprazolam, 490 ng/ml, þetta er lágur styrkur. Lækningalegur styrkur er frá 400 og upp í nokkur þúsund. Spurð hvort hún geti borið saman meðvitundarástand þessara einstaklinga út frá þessum gögnum sagði vitnið að þessi einstaklingur væri með töluvert minna magn af amfetamíni og metamfetamíni en fyrri einstaklingur sem væri með um tvöfalt hærra magn. Einstaklingnum með hærra magnið hefur verið hættara við að fá eitrun og skert meðvitundarstig.
69. *Lögreglumaður nr. M* staðfesti að hafa komið að rannsókninni á upphafsstigum og tekið kæruskýrslu af brotþola. Spurður sagði vitnið að almennt væri reynt strax í upphafi að tryggja samskiptagögn milli brotþola og geranda. Vitnið staðfesti að hafa skoðað myndskreiðið af atvikinu á sínum tíma en muni óljóst eftir því. Fannst honum brotþoli hafa verið í það minnsta töluvert utan við sig eins og kemur fram í skýrslunni um skoðunina.
70. Var vitninu kynnt að í samantekt af skýrslu af brotþola, sem vitnið tók, og síðan einnig sömu upplýsingar úr orðréttu endurriti skýrslu, komi m.a. fram að ákærða eigi að hafa litist vel á brotþola og hafi fyrrverandi unnusti hennar boðið ákærða aðgang að henni fyrir kókaín. Einnig var vitninu kynnt að vitnið segði stuttu síðar, þegar hann fer að endursegja þetta, að ákærði hefði boðið þessum fyrrverandi unnusta dóp fyrir aðgang að henni og brotþoli tekið undir það. Vitnið kvaðst ekki muna þetta, sagði að endurritið væri orðrétt og vísaði til þess. Ekki væri hægt að útiloka að hann hefði misskilið hana. Venjulega fari hann í gegnum alla frásögnina og biðji fólk um að leiðrétta og stundum koma leiðréttingar og stundum ekki. Spurður kvaðst vitnið ekki geta séð að meint mistök hans hefðu haft einhver áhrif á rannsóknina eða beint henni í einhverja aðra átt, eftir hans bestu vitund.

IV

Niðurstaða

71. Ákærði er ákærður fyrir nauðgun og brot gegn kynferðislegri friðhelgi, með því að hafa haft samræði við brotþola, án hennar samþykkis, þar sem hún lá sofandi eða meðvitundarlítill í aftursæti bifreiðar og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa vímuefna, lyfja og svefndrunga, og með því að hafa á sama tíma, án samþykkis og vitneskju brotþola, tekið upp og þannig útbúið myndskaið af samræðinu. Í ákæru er háttsemin talin varða við 2. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 199. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
72. Samkvæmt 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940 telst það einnig vera nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að beita blekkingum eða notfæra sér villu viðkomandi um aðstæður eða að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.
73. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.
74. Ákærði neitar sök og varnir hans varðandi sýknukröfu hverfast um sönnunatriði, í aðalatriðum að hann sé vísvitandi borinn röngum sökum af hálfu brotþola. Kæruskýrsla hennar hjá lögreglu eigi ekki við nein rök að styðjast og hún hafi verið sett fram í hefndarskyni. Myndskeið, sem lögregla lagði hald á, sýni ekki meint kynferðisbrot eins og þeim er lýst í ákæru. Samþykki brotþola hafi verið fyrir hendi varðandi tilbúning á myndskaiði. Hið sama eigi við um samræði sem þau hafi átt umrætt sinn. Þá hafi þau bæði verið undir áhrifum vímuefna. Umrædd atvik verði að setja í samhengi við heildarumgjörð samskipta ákærða og brotþola á þeim tíma, þ. á m. fíkniefnaneyslu, óhefðbundið kynlíf og kynferðislegt myndefni sem brotþoli var að búa til í sölu- og dreifingarskyni á nánar tilgreindri vefsíðu. Einnig verði að setja kæru brotþola í samhengi við

önnur atvik sem áttu sér stað eftir meint brot, nánar tiltekið sambandsslit þeirra um mánuði síðar og mikil illindi í tengslum við það. Þá hafi fleiri einstaklingar tengst þeim atvikum með hefndaraðgerðum. Vísar ákærði m.a. til myndefnis af kynferðislegum toga sem hann hefur lagt fram og hann telur sýna afstöðu brotþola til atvika, samskiptagagna í málsgögnum og annarra atvika sem áttu sér stað eftir meint brot.

75. Þá eru af hálfu ákærða gerðar margvíslegar athugasemdir við rannsókn málsins. Hvorki verður hins vegar talið að rannsókn málsins hafi verið áfátt þannig að vörn ákærða verði talið áfátt né heldur verður talið að rannsókn málsins hafi afvegaleiðst vegna, að því er virðist, misskilnings við skýrslutöku af brotþola.
76. Ákærði byggir á því að samþykki brotþola hafi legið fyrir bæði hvað varðar kynmökin og upptökuna. Kvaðst hann hafa fengið almennt samþykki frá brotþoli sem hún hafi gefið honum í samtölum þeirra á milli í gegnum samband þeirra og vísaði jafnframt til þess að atvik sem þetta hefðu oft áður gerst á milli þeirra. Þá kvað hann þau hafa, inni á veitingastað skömmu áður, rætt um það að fara út í bifreiðina og hafa kynmök. Kom fram hjá honum að samþykki brotþola hafi tekið til þess að hafa við hana kynmök, jafnvel þó að hún væri við það að líða út af, og vísaði hvað það varðar til almenns samþykkis hennar. Taldi ákærði að við þær aðstæður og almennt þegar þau hefðu kynmök hefði hann einnig samþykki brotþola fyrir því að taka kynmök þeirra upp.
77. Brotþoli bar um það fyrir dómi, eins og hjá lögreglu, að hún hefði fyrst áttað sig á því að ákærði hefði brotið gegn henni kynferðislega þegar hún sá myndbandið einhverju eftir að atvik gerðust. Bar hún um að eiga einhverjar minningar af atvikum og verður framburður hennar skilinn svo að atvik hafi einnig að einhverju leyti rifjast upp fyrir henni þegar hún sá myndbandið. Hafnaði hún því alfarið að hafa gefið ákærða almennt samþykki til að hafa við hana mök hvernig sem stæði á hvað varðar meðvitundarstig hennar en einnig því að hafa samþykkt þessi tilteknu kynmök. Þá hafnaði hún því einnig að hafa gefið ákærða leyfi til að taka myndskaið af samræðinu eða að hafa gefið honum almennt leyfi til slíks. Þá hafi hún umrætt sinn í engu standi verið til að samþykkja samræði eða að það yrði tekið upp né heldur hafi hún verið í ástandi til að sporna við samræðinu og hafi hún ekki vitað að ákærði væri að taka upp.
78. Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft samræði við brotþola og að hafa tekið það upp og að um sé að ræða þá upptöku sem liggur fyrir í málinu sem er bæði í hljóði og mynd.

Telst það óumdeilt og einnig það að myndskreiðið er af ákærða og brotaþola. Ákærði byggir á því að brotaþoli hafi ekki mótmælt kynmökum, ekki sagt *nei* eða *hættu*, og að hún hafi verið í ástand til að sporna við kynmökunum. Af myndskreiðinu verður ráðið, eins og fram kemur í skýrslu lögreglu um skoðun á því, að brotaþoli var sofandi þegar ákærða bar að. Ákærði sést stilla símanum upp, koma sér fyrir við hlið brotaþola, girða niður um sig og fróa sjálfum sér. Þá hafi hann snúið sér að brotaþola og girt niður um hana og gert sig líklegan til að stinga getnaðarlimnum inn í hana aftan frá. Brotaþoli hafi virst vera hálfvöknuð og sýnilega svefndrukkin og ítrekað beðið ákærða um að bíða. Myndin hafi síðan orðið óskýr og eftir það heyrst einungis hljóð á upptökunni, en ákærði bar um það í skýrslu hjá lögreglu að síminn hefði dottið. Eins og rakið er að framan úr skýrslu lögreglu hafi hljóðið þá verið með þeim hætti eins og að það sem gerðist á sama tíma væri brotaþola á móti skapi. Jafnframt hafi hljóðið gefið til kynna að samfarir eða önnur kynmök ættu sér stað á sama tíma. Má af framlögðu endurriti og af því sem heyra má af upptökunni ráða að brotaþoli kveinkaði sér ítrekað og kjökraði. Þá sagði ákærði henni ítrekað að vera *kjurr* og spurði hana ítrekað í lokin hvort þetta hafi verið agalegt en hún þá ýmist kveinkaði sér eða kjökraði. Loks sagði ákærði brotaþola ítrekað að fara í buxurnar og segir í því samhengi að hún sé steinsofnuð og að hún hefði sagt að hann mætti þetta.

79. Af myndbandinu má ráða að brotaþoli bærði ekki á sér þó að ákærði hefði verið að stilla símanum upp og skella hurðum bifreiðarinnar. Það er fyrst þegar ákærði fer með hönd innan undir buxur brotaþola sem hún bærir á sér, reynir að sofa áfram og snýr sér frá honum. Ákærði sagði þá *halló* og *hey* og reyndi að draga hana til sín og sagði henni tvisvar að vera *kjurr*. Þá má heyra að ákærði stynur, taktföst hljóð heyrast og að brotaþoli kjökrar. Eftir að taktfasta hljóðið hætti sagði ákærði við brotaþola að hún ætti að fara í buxurnar.
80. Af framangreindu má ráða að brotaþoli var sofandi í upphafi og það sést og heyrst að hún reynir að færa sig undan þegar hún rumskar. Eftir það heyrst frá henni grátur, hún virðist finna fyrir sársauka, segir *ái*, *nei* og *bíddu*, og virðist ekki hafa burði til að geta spornað við háttsemi ákærða. Af því sem sjá má og heyra af myndbandinu verður ekki ráðið að hún komist nokkurn tímann til fullrar meðvitundar og að ákærði virtist engu skeyta um ástand hennar eða mótmæli.
81. Í skýrslum sínum hjá lögreglu viðurkenndi ákærði fyrst að hafa haft samræði við

brotapola en dró það síðan í efa að hann hefði því og kvaðst hann hafa verið þreyttur og alveg að detta út. Ákærði viðurkenndi það hins vegar í skýrslu sinni fyrir dómi að hafa haft samræði við brotapolu og lýsti því í meginatriðum. Hann lýsti ástandi brotapolu í fyrstu skýrslunni sem hann gaf hjá lögreglu svo að hún hefði verið hálfvönkuð, hefði verið að detta inn og út, hefði verið mjög þreytt og búin að vera á vökunni og að hún hefði ekki verið alveg rænulaus. Í seinni skýrslunni sagði hann brotapolu hafa verið útúrdópaða, vankaða og að hún hefði verið búin að vaka í 7–8 daga. Fyrir dómi sagði ákærði að ástand brotapolu hefði ekki verið óvenjulegt, hún hefði verið þreytt og við það að sofna, eins og hann, en hefði ekki verið farin að sofa. Hann hefði ekki upplifað það að hún væri alveg meðvitundarlaus en að hún hefði verið orðin þreytt og hefði þurft að rífa sig í gang af því að þau hefðu verið búin að ákveða þetta. Þá hefði hann byggt á því að hann hefði samþykki brotapolu fyrir því að halda áfram að hafa samræði við hana og mynda hana þó að hún væri að líða út af vegna vímuefnaneyslu en ekki rætt það sérstaklega í þessu tilviki. Kvaðst hann ekki hafa sett nein mörk við það hvort brotapolu væri með einhverja rænu eða væri sofnuð.

82. Eins og að framan er rakið hefur framburður ákærða verið aðeins á reiki í gegnum meðferð málsins. Þá eru lýsingar hans á ástandi brotapolu og sínu eigin í ósamræmi við það sem ráðið verður af myndskaiðinu en samkvæmt því var mikill munur á ástandi brotapolu og ákærða og ekki að sjá að hann hafi verið þreyttur og við það að sofna. Einnig reyndi hann að fegra ástand brotapolu hvað varðar meðvitundarstig. Loks eru skýringar hans varðandi það hvernig brotapolu hefði veitt samþykki sitt ótrúverðugar og skýringar hans á því sem sjá má á myndskaiðinu, eins og t.d. á því að þegar brotapolu kveinkaði taldi hann það stafa af þröngum aðstæðum inni í bifreiðinni. Er það mat dómsins að framburður ákærða sé ótrúverðugar og verður niðurstaða málsins ekki á honum byggð.
83. Framburður brotapolu hefur verið stöðugur um það að samræðið hafi ekki verið með vilja hennar og að ástand hennar hafi, vegna þreytu eftir langvarandi vöku og fíkniefnaneyslu, verið þannig að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum. Bar brotapolu um að hafa áttað sig á því að ákærði hefði nauðgað henni þegar hún sá myndskaiðið. Ekki kom skýrt fram hjá henni hvað hún mundi eftir atvikinu í bifreiðinni og hvað hefði rifjast upp fyrir henni þegar hún sá myndskaiðið. Brotapolu lýsti þó einnig atvikum sem ekki komu þar fram sem bendir til þess að hún muni eitthvað eftir þessum degi, auk þess sem hún virðist frá upphafi hafa tengt atvikið við umferðaróhappið. Þá kom fram af hálfu brotapolu að

hún þyrfti við samfarir að nota deyfikrem vegna [...] sem valdi henni sársauka í leggöngum og er í ljósi þess ólíklegt að hún hafi veitt samþykki fyrir háttseminni eins og ákærði byggir á. Það er mat dómsins að framburður brotþola hafi verið stöðugur í gegnum meðferð málsins um þau atriði er máli skipta og í samræmi við það sem ráða má af myndskaiðinu. Er það mat dómsins að framburður hennar hafi verið trúverðugur og verður niðurstaða málsins á honum byggð.

84. Á því er byggt í ákæru að brotþoli hafi ekki getað spornað við háttsemi ákærða sökum áhrifa vímuefna, lyfja og svefndrunga. Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu, sem staðfest var fyrir dómi, kom fram í lýsigögnum á síma ákærða að myndskaiðið var tekið upp þann 18. júlí 2022, kl. 13:24:52, og væri sex mínútur að lengd. Fyrir liggur að skömmu eftir meint brot lentu ákærði og brotþoli í umferðaróhappi og samkvæmt frumskýrslu þess máls barst tilkynning um óhappið sama dag kl. 13:34. Voru þá liðnar um þrjár mínútur frá því að upptökunni lauk. Bæði ákærði og brotþoli báru um það fyrir dómi að þau hefðu ekki neytt efna á þessu tímabili. Verður, í samræmi við framangreint, við það miðað að atvik hafi gerst þann 18. júlí 2022, eins og í ákæru greinir, og að ástand brotþola þegar atvik gerðust hafi verið í samræmi við það sem mældist í blóði hennar í kjölfar umferðaróhappsins.
85. Af matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði verður ráðið að í blóði brotþola mældist mikið magn amfetamíns, eða 620 ng/ml, og alprazolam, 7,2 ng/mg. Samkvæmt framburði starfsmanns sýni rannsóknir að þegar komið er upp í 500 ng/ml sé meðvitund orðin skert og það getur verið banvænt og er þá talað um skerta meðvitund og jafnvel dá. Þá teljist 620 ng/ml til eitrunar. Svefnleysi sé aukaverkun af efninu í svona miklu magni en þegar búið er að taka efnið í einhvern tíma kemur yfir viðkomandi mikil svefnþörf og þreyta og svefnhöfgi.
86. Hvorki ákærði né brotþoli lýstu af nokkurri nákvæmni neyslu brotþola þennan dag en nefndu bæði að hún hefði neytt oxycontins og kókaíns og ákærði bætti því við fyrir dómi að hún hefði einnig neytt amfetamíns og lyfja og brotþoli nefndi þá amfetamín. Með hliðsjón af því, framburði starfsmanns rannsóknastofunnar og lögreglumannanna sem komu á vettvang vegna umferðaróhappsins, og því sem ráða má um ástand brotþola af myndskaiðinu verður ráðið að hún hafi verið undir miklum áhrifum vímuefna og lyfja og mjög þreytt og syfjuð, sem er í samræmi við framburð brotþola. Á myndskaiðinu virðist hún vera sofandi þegar ákærði kemur í aftursætið til hennar, það sést skýrt að hún

kveinkar sér og kjökrar undan ákærða en heldur áfram að sofa. Þá heyrir ákærða segja í lok myndbandsins að hún sé sofandi. Virðist hún ekki hafa líkamlega burði til að sporna gegn háttsemi hans eða tjá honum afstöðu sína nema á mjög takmarkaðan hátt og vart áttuð á því sem var að gerast. Er það mat dómsins, með hliðsjón af framangreindu, að ástand brotþola hafi verið þannig að hún hafi ekki, vegna áhrifa vímuefna, lyfja og svefndrunga, getað spornað við verknaðinum.

87. Er hafnað vörnum ákærða á því byggðu að brotþoli hafi lagt fram kæru til að hefna sín á ákærða vegna sambandsslitanna. Hafi brotþoli sýnt einhverjum einstaklingum myndskreiðið í því skyni að hvetja þá til að veitast að ákærða hefur það ekki áhrif við sönnunarmat hvað meint brot varðar eins og atvikum er háttáð. Þá verða myndskreið sem ákærði lagði fram til sönnunar um að brotþoli væri samþykkt kynmökum sem þessum ekki talin til sönnunar um slíkt, auk þess sem ráðið verður af gögnum málsins að þau hafi verið tekin upp eftir meint brot. Þá skiptir ekki máli við mat á ákæruefninu þó að brotþoli hafi í samskiptum sínum við ákærða lýst kynórum og sjálf tekið upp kynferðisleg myndskreið af sér eða þeim.
88. Fram kemur í málgögnum um Facebook-samskipti á milli ákærða og brotþola að ákærði sagði 9. ágúst 2022 að hann vissi ekki að hann hefði nauðgað brotþola eins og hún eigi að vera að segja. Í framhaldi af því sagði brotþoli að hún hefði fundið myndskreiðin í símanum hans og sagði ákærði þá: *Og var ég ekki buinn seiga þér og spurja þegar söfnuðum.* Er síðastgreint í samræmi við það sem heyrna má ákærða segja á myndbandinu. Ljóst er að ákærði og brotþoli voru bæði í mikilli neyslu þegar atvik gerðust. Lýsing ákærða á sambandi sem snýst um fíkniefni og stöðugt kynlíf þar sem þau fari með samþykki hvors annars yfir almenn mörk í kynlífi fær enga stoð í framburði brotþola sem upplifði sig háða ákærða vegna fíknar sinnar. Þá hefur samþykki fengið frá einstaklingi sem er í ástandi sem heimfært verður undir 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940 ekkert gildi í tilviki sem þessu. Getur ákærði, samkvæmt 17. gr. sömu laga, ekki borið fyrir sig að hafa verið undir áhrifum vímuefna sjálfur er hann framdi brotið.
89. Sá verknaður sem greinir í 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940 er skilgreindur sem misneyting. Skortur á samþykki er ekki skilyrði refsíabýrgðar samkvæmt lagaákvæðinu. Ákærði byggir á því að brotþoli hafi fyrirfram samþykkt slíka háttsemi, án nokkurs tímaramma, og þannig afsalað sér þeirri réttarvernd sem lagaákvæðinu er ætlað að tryggja þolendum misneytingar.

90. Í greinargerð er fylgdi frumvarpi er varð að lögum nr. 16/2018 er breytti 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga í núverandi horf er fjallað um hugtakið samþykki samkvæmt lagaákvæðinu. Þar kemur fram að samþykki fyrir þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum afmarkist við tiltekið tilvik og þær kynferðislegu athafnir sem samþykkið nái til. Einnig segir þar að af kynfrelsi leiði að eðlilegt sé að þátttakandi í kynferðislegri athöfn geti hvenær sem er skipt um skoðun um þátttöku sína. Í samræmi við það er því hafnað að það geti orðið ákærða til sýknu að vísa til almenns samþykkis brotaþola. Jafnvel þó að þau hefðu rætt um fyrirhuguð kynmök skömmu áður hefur það enga þýðingu þar sem brotaþoli var sofandi þegar þau fóru fram og því ekki í ástandi til að gefa samþykki á þeim tíma. Þá er ekkert fram komið sem styður þennan framburð ákærða og telst ósannað að ákærði hafi fengið slíkt samþykki frá brotaþola, hvorki almennt í sambandi þeirra né vegna þessa tiltekna tilviks.
91. Af framangreindum gögnum telur dómurinn sannað að brotaþoli hafi verið sofandi eða meðvitundarlítil eins og byggt er á í ákæru. Verður af framburði hennar ráðið að minni hennar um atvik er gloppótt. Þá er fram komið að í blóði brotaþola mældist hátt magn amfetamíns sem leitt geti til mikillar þreytu og svefnþarfar, eða jafnvel til þess að viðkomandi fari í dá. Eins og heyra má á myndskeiðinu hafði ákærði ítrekað orð á því að hún væri sofandi. Skýrt kom fram í framburði ákærða að hann vissi að brotaþoli væri fíkniefnaneytandi sem neytti ópíóíða sem hafa slævandi áhrif. Þá sá hann ástand brotaþola eins og það blasti við honum og að framan er rakið. Miðað við þær lýsingar mátti hann vita að hún hafi verið í það minnsta meðvitundarlítil vegna neyslu vímuefna og lyfja og vegna svefndrunga. Einnig verður af myndskeiðinu ráðið að hann reyndi að fá hana til að vera kyrr og fara að fyrirmælum hans þegar hann var að koma sér fyrir en brotaþoli lá að mestu kyrr og kveinaði og grét undan honum. Af framangreindu telur dómurinn sannað að ákærði hafi vitað að brotaþoli var ekki í ástandi til að gefa samþykki sitt fyrir samræðinu og gat ekki spornað við háttseminni. Er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi notfært sér ástand brotaþola til þess að hafa við hana samræði og er hann sakfelldur fyrir nauðgun eins og í ákæru greinir.
92. Í 1. mgr. 199. gr. a laga nr. 19/1940 segir að hver sem útbýr, aflar sér eða öðrum, dreifir eða birtir myndefni, texta eða sambærilegt efni, þ.m.t. falsað efni, af nekt eða kynferðislegri háttsemi annars manns án hans samþykkis skuli sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Lagaákvæðinu var bætt inn í almenn hegningarlög með 1. gr. laga nr.

8/2021. Í samræmi við orðalag lagaákvæðisins fellur undir það að taka án heimildar upp myndskaið af kynferðislegri háttsemi annars manns. Er myndataka og hljóðupptaka í heimildarleysi nefnd í dæmaskyni í lögskýringargögnum og telst háttsemin vera refsiverð, óháð því hvort efninu hafi verið dreift. Tilgangur og markmið með lagasetningunni var m.a. að bæta réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga og í lögskýringargögnum er brotið skilgreint sem brot gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga.

93. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið myndskaið af kynmökum sínum við brotþola umrætt sinn en ber um að það hafi verið með samþykki hennar. Brotþoli kvaðst ekki hafa vitað af upptökunni fyrr en hún fann hana í síma ákærða. Ákærði bar því fyrst við fyrir dómi að hún hefði séð myndskaiðið daginn eftir heima hjá vitninu B sem staðfesti að hafa þá séð myndskaiðið og að brotþoli hefði þá verið viðstödd. Framburður B var hins vegar óskýr og bar keim af framburði ákærða sem skutlaði honum í héraðsdóm í skýrslutöku. Kvaðst hann ýmist lítið hafa rætt við ákærða um mál þetta á leiðinni eða ekki neitt. Þá hefur hvorki hann né ákærði getað lýst aðkomu brotþola að samtalinu á skýran hátt. Einnig verður ráðið af framangreindum Facebook-samskiptum ákærða og brotþola 9. ágúst 2022 að hann virðist þá fyrst hafa vitað að brotþoli vissi af myndskaiðinu. Er það mat dómsins að framburður B hafi verið ótrúverðugur og verður niðurstaða málsins hvorki á honum byggð hvað þetta varðar né á framburði ákærða. Er þannig ekkert fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi frá upphafi vitað af upptökunni.
94. Brotþoli kvaðst hvorki hafa samþykkt þessa upptöku né hafa verið í ástandi til þess að samþykkja slíkt. Þá hafi hún ekki haft vitneskju um að ákærði hefði verið að taka samræðið upp. Eins og að framan er rakið um ástand brotþola er ljóst að hún var ekki í ástandi til að samþykkja upptökuna þegar atvik gerðist. Þá verður ekki séð eða heyrt af myndskaiðinu að brotþoli hafi gefið samþykki sitt til kynna eða að hún hafi yfirhöfuð orðið vör við að ákærði væri að taka samræðið upp. Skýrt kom fram hjá brotþola að þau hefðu tekið upp kynmök sín og rætt um að það yrði einungis gert þegar þau bæði væru því samþykk. Eins og hvað varðar samræðið verður einnig að gera þá kröfu að fengið sé samþykki í hvert einstakt skipti. Telst ósannað að brotþoli hafa samþykkt að ákærði tæki samræðið upp á myndband. Ákærði mátti vita að brotþoli hafi ekki gefið samþykki sitt umrætt sinn og verður hann sakfelldur fyrir brot gegn kynferðislegri friðhelgi eins og í ákæru greinir.

95. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur dómurinn sannað þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi haft gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir. Er háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

V

96. Ákærði er fæddur í [...] og samkvæmt sakavottorði, dags. 30. maí 2024, hefur hann margsinnis áður gerst brotlegur við refsilög frá árinu 2001, aðallega umferðar-, fíkniefna- og vopnalagabrot, auk hylmingar. Það sem hefur einkum þýðingu í þessu samhengi er að ákærða var með dómi héraðsdóms [...] 2023 gert að sæta fangelsi í 75 daga vegna fíkniefnalagabrots og sviptingaraksturs. Var sú refsing hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, vegna dóms héraðsdóms [...] 2022 en ákærði var þá dæmdur í sex mánaða fangelsi vegna sams konar brota auk brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Var sá dómur jafnframt, að hluta til, hegningarauki vegna eldri dóms. Að öðru leyti eru ekki efni til að rekja sakaferil ákærða.

97. Ákærði framdi brot þau sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir áður en dómurinn var kveðinn upp, [...] 2023, og verður honum því dæmdur hegningarauki. Við ákvörðun refsingar verður til refsíþyngingar litið til 1., 2., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 en brot ákærða voru gróf, ásetningur hans einbeittur og hann olli brotaþola mikilli vanlíðan. Með háttsemi sinni braut ákærði gróflega gegn kynfrelsi brotaþola og notfærði sér ungan aldur hennar og þá erfiðu stöðu sem hún var í vegna fíknisjúkdóms. Á ákærði sér engar málsbætur. Í ljósi alls framangreinds, sakarefnis máls þessa og 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og níu mánuði.

98. Af hálfu brotaþola er krafist miskabóta að fjárhæð 3.500.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta, eins og að framan er rakið. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gagnvart brotaþola í samræmi við það sem fram kemur í ákæru. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með saknæmum og ólögmætum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð og eru skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu uppfyllt. Brotaþoli lýsti fyrir dóm mikilli vanlíðan sem brotið hafði í för með sér fyrir hana. Önnur gögn liggja ekki fyrir um afleiðingar brotsins fyrir brotaþola en háttsemi ákærða er augljóslega til þess fallin að valda miska. Samkvæmt því á brotaþoli rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Að þessu virtu, og með hliðsjón af eðli og grófleika brotsins, þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 2.000.000 króna auk vaxta

og dráttarvaxta, eins og nánar greinir í dómsorði. Einkaréttarkrafan var ekki kynnt ákærða fyrir útgáfu ákæru en var birt fyrir honum með fyrirkalli vegna málsins. Með vísan til þess og 2. málsl. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þykir rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við þingfestingu málsins.

99. Eftir úrslitum málsins, og með vísan til 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, greiði ákærði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, sem eru hæfilega ákveðin 2.100.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, sem er hæfilega ákveðin 1.900.000 krónur. Hefur við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanns verið tekið tillit til virðisaukaskatts og vinnu lögmannanna á rannsóknarstigi.
100. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.
101. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Ragnar Birkis Dellner, sæti fangelsi í tvö ár og níu mánuði.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 18. júlí 2022 til 19. ágúst 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 2.100.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 1.900.000 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)